

Verklag um trúnað og meðferð gagna í tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma hjá ríkinu.

Öll tölfræðileg gögn, rýnihópa- eða viðtalsgögn eða önnur gögn sem safnað er í tilraunaverkefninu um styttingu vinnutíma hjá ríkinu eru eign velferðarráðuneytisins. Farið verður með allar upplýsingar sem safnað er í tilraunaverkefninu í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öll úrvinnsla og nýting gagna (megindlegra og eigindlegra) að hvaða lagi sem er sem safnað er í tilraunaverkefninu um styttingu vinnutíma hjá ríkinu getur einungis farið fram að undangengnu samþykki og skriflegu leyfi fulltrúa skrifstofu lífskjara og vinnumála í velferðarráðuneytinu. Í umsókn skal koma skýrt og skriflega fram hvernig gögnin verði nýtt. Gögnin skulu einungis nýtt í þeim tilgangi sem sem fyrirfram hefur verið veitt hefur verið leyfi til. Gildir það um alla framsetningu gagna sem safnað hefur verið í tengslum við verkefnið og á það þar á meðal við um fyrirlestra, skrif í tengslum við nemendaverkefni, skýrslur, ritrýndar greinar sem og almennar greinar til birtingar í fjölmiðlum.

Trúnaður gildir um innihald gagnanna. Þeir sem hafa aðgang að gögnum sem safnað er í tilraunaverkefninu um styttingu vinnutíma og eða hafa fengið tímabundið leyfi til vinna úr þeim eru skuldbundnir til að vernda þau gegn óheimilum aðgangi og veita ekki utanaðkomandi aðilum upplýsingar um innihald þeirra og eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar sem í þeim kann að felast.

Vinsamlega lýsið því :

- 1) Hvaða gögnum er sótt um að fá aðgang að til úrvinnslu?
- 2) Hvert er markmið rannsóknarinnar/úrvinnslunnar og helstu rannsóknarspurningar?
- 3) Hvernig hyggist þú/þið nýta gögnin úr tilraunaverkefninu um styttingu vinnutíma/ hvernig hyggist þú/þið vinna úr gögnunum?
- 4) Vinsamlegast tilgreinið nákvæmlega hvernig þú/þið áætlið að niðurstöður verði settar fram? Hver er áætlaður afrakstur vinnunnar (td, fyrirlestur, grein) og á hvaða formi er stefnt að því að hann birtist (td, ráðstefna, tímarit, fjölmiðill osfr).

Dagsetning: 2. október 2017

Steinninn Eyrja Grönsdóttir

Undirskrift rannsakanda (umsækjanda) og samþykki verklags um trúnað og meðferð gagna

Jón Einarsson

Undirskrift rannsakanda (umsækjanda) og samþykki verklags um trúnað og meðferð gagna

Fyrir hönd velferðarráðuneytisins.

Samþykki notkunar á gögnum úr tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma í samræmi við lýsingu hér að ofan.